

69. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 12. desember 2012, í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9 -11.

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir, Árný Sveina Þórólfsdóttir boðaði forföll.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Rætt um erindisbréf fyrir skráningarráð og gæðahóp. Verksvið og hlutverk þurfa að vera skýr. Samþykkt að skráningarráð ræði þetta frekar og setji fram hugmyndir fyrir Landskerfi eftir áramót.
2. **Sérstafir** Rætt um vandræði með sérstafi, pólskir stafir teknir sem dæmi. Þeir flytjast ekki rétt milli kerfa og prentast ekki rétt út. Nokkur söfn horfa fram hjá þessu, önnur fara sérstaklega inn í færslurna og prenta út miða og breyta síðan færslunum til baka.

Samþykkt að stofna vinnuhóp um þetta málefni. Reyna að fá Sigríði Bjarnadóttur frá BBS, Rósfríði Sigvaldadóttur frá Lbs-Hbs og Árnýju Sveinu Þórólfsdóttur frá Bókasafni Hafnarfjarðar.

Skoða þarf stafatöflur, raða þeim betur í kerfinu og semja leiðbeiningar fyrir notendur.

Ásdís Huld benti á að hægt væri að nota Character Map í Windows, góð reynsla af því í Bókasafni Hafnarfjarðar.

3. **Birting á leitir.is** Hildur fór yfir stöðu mála. Efnisorðaráð, skráningarráð og Landskerfi hafa skoðað fyrr á þessu ári hvernig gögn birtast á www.leitir.is Mikið hefur verið unnið í þessu, m.a. flokkur fyrir barnaefni og birting á athugasemdasviðum.

Hildur leggur áherslu á að áfram sé skoðað hvernig gögnin birtast, t.d. tónlist, birtist á sama máta, hvort heldur um sé að ræða hljóðrit eða nótur – þar þarf ólík tákni.

Nauðsynlegt að halda þessu rýnistarfi áfram. Samstarf við fulltrúaráð Aleflis væri góður kostur, sem eftir skipulagsbreytingar félagsins er nú sniðið að safnategundum.

4. **Færslupakkar.** Hildur fer yfir vinnuferli varðandi færslupakka og rekur helstu pakkana sem þegar eru komnir inn. Varðveita þarf svið 950 í bókfræðifærslum sem hlaðið er inn vélvirkt. Þegar rafrænn aðgangur er bundinn við tiltekin söfn er þetta svið notað til að byggja upp forðafærslur.

Skoða yfirlýsingu sem er í undirbúningi, á að nota færslur úr eldri Oxford-pakka HR eða skipta alveg út. Athuga fix-pakka sem þarf að gera.

5. Önnur mál.

Útúrdúr um greiniskráningu á bókarköflum, þar sem jól eru sögufnið. Ath. hvernig þessir kaflar koma fyrir.

Sigrún Hauksdóttir kynnir drög að verkefnaáætlun gæðahóps fyrir árið 2013.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður haldinn á öskudaginn, 13. febrúar 2013, kl. 9.

Rósa S. Jónsdóttir